

Viðmiðunarreglur um snjómokstur í dreifbýli Borgarbyggðar

Vegagerðin sér alfarið um snjómokstur á eftirfarandi leiðum:

Mokað alla daga:

Hringvegur (1)
Bifrastarvegur (5240)
Borgarfjarðarbraut (50), Seleyri að Hvanneyri
Hvanneyrarvegur (511)
Brattabrekka (60)
Snæfellsnesvegur (54), Borgarnes að Vegamótum

Mokað sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga:

Borgarfjarðarbraut (50): Hvanneyrarvegur- Hálsasveitarvegur – Baulan
Hálsasveitarvegur (518): Kleppjárnsreykir- Reykholt
Hvítárvallavegur (510) og Grímarsstaðavegur (5317): Hringvegur- Hvanneyri

Mokað sunnudaga og föstudaga:

Hálsasveitarvegur (518): Reykholt –Húsafell


Helmingamokstur Vegagerðarinnar og Borgarbyggðar

Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi þar sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu (myndir 1-3). Þá skiptist kostnaður við snjómokstur til helminga á Vegagerð og sveitarfélagið. Þessa vegi er heimilt að moka að hámarki þrisvar í viku meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Vegagerð aðhefst ekki í snjómokstri á þessum vegum fyrir en ósk þar um liggur fyrir frá snjómokstursfulltrúa.


Heimreiðar

- Einungis eru mokaðar heimreiðar að býlum þar sem er föst búseta allt árið
- Sveitarfélagið greiðir mokstur heimreiða að hámarki tvisvar á ári
- Sveitarfélagið greiðir ekki snjómokstur eða hálkuvarnir inn í sumarhúsasvæði
- Almennt greiðir sveitarfélagið ekki fyrir hálkuvarnir á tengivegum og heimreiðum


Vegagerðin er með bakvakt í síma 898-0982 frá kl. 05:00 á morgnana og frá og með 1. des til kl. 21:30 á virkum dögum og kl. 21:00 um helgar. Best er að panta snjómokstur í þann síma. Þá er vaktstöð Vegagerðarinnar fyrir Suður-og Vesturland með vakt allan sólarhringinn, sími 522-1460. Æskilegast er að panta snjómokstur daginn áður ef nokkur möguleiki er á því.



Mynd 1: Vetrarþjónusta Borgarnes-Norðurárdalur. (Mynd: Vegagerðin).



Mynd 2: Vetrarþjónusta Borgarnes-Vegamót. (Mynd: Vegagerðin).



Mynd 3: Vetrarþjónusta uppsveitir Borgarfjarðar. (Mynd: Vegagerðin)

Starfsreglur snjómokstursfulltrúa

Hlutverk og ábyrgð snjómokstursfulltrúa felst í:

- Að sýna frumkvæði þegar þörf er á snjómokstri og kalla til snjómokstursverktaka með hæfilegum fyrirvara, daginn áður ef mögulegt er
- Að taka móti tilkynningum íbúa er varða þörf á snjómokstri á sínu svæði
- Að vera í sambandi við snjómokstursverktaka á sínu svæði
- Að vera í sambandi við Vegagerðina vegna helmingamoksturs
- Að fylgjast með veðri og veðurspá
- Að meta þörf fyrir snjómokstur á einstökum akstursleiðum
- Að tryggja að heimreiðar þjónustuþega heimaþjónustu séu hreinsaðar í samræmi við þjónustu sem veitt er
- Að tryggja aðgengi skólabíla, mjólkurbíla, landpósts og sorpbíla eins og kostur er
- Að meta hvort unnt sé að moka vegna óveðurs, eða hvort æskilegt sé að bíða til næsta dags
- Að meta hvort hreinsa þurfi vegi ef hætta er á asahláku

Snjómokstursfulltrúar fá fastar greiðslur á ársgrundvelli, greitt einu sinni á vetri.

Snjómokstursfulltrúi þarf að vera staðkunnugur og þekkja helstu snjósöfnunarsvæði á einstökum vegum til að geta lagt mat á mokstursþörf.

Þar sem færð og ófærð eru að nokkru leyti huglægt mat, ber snjómokstursfulltrúa að taka ákvörðun um þörf á snjómokstri. Miða skal við að vegir séu færir bifreiðum sem eru vel búnar til vetraraksturs.

